


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is

Gummi og Dósi

– sjá bls. 6 og 7.

Við vorum alltaf eitthvað að gera, eitthvað að bardúsa, smíða kofa eða kajaka en það sem var lang mikilvægast var að finna sér „bækistöð“.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. ágúst 2015 · 32. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Svett í Önundarfirði

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngeirsdalur 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP
eBOX

Aðhlynningarstörf

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða óskar að ráða starfsmenn við aðhlynningu á öldrunardeild sjúkrahússins á Ísafirði.

Um er að ræða 50-80% stöður frá 1. september 2015, eða eftir nánara samkomulagi.

Einnig er um að ræða lægra starfshlutfall við störf aðra hverja helgi.

Vegna opunar hjúkrunarheimilisins Eyrar á Ísafirði í haust er hugsanlegt að viðkomandi myndi færast, alveg eða að hluta, til starfa á Eyri.

Laun samkvæmt viðkomandi kjarasamningi.

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri (eða aðstoðardeildarstjóri legudeilda), í síma: 450 4500 og á rannveig@hvest.is eða (hildurep@hvest.is).

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2015.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða Torfnesi, 400 Ísafirði

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is undir viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu stofnunarinnar á Ísafirði.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.



Raggagarður 10 ára



Laugardaginn 8. ágúst héldu Súðvíkingar og aðrir velunnarar Raggagarðs upp á 10 ára afmæli þessa merkilega garðs sem Vilborg Arnarsdóttir, fjölskylda hennar og vinir hafa af miklu harðfylli komið á koppinn. Afrakstur þessa 10 ára þrotlausu vinnu er fallegur og skemmtilegur fjölskyldugarður.



Sjúkraliðar

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða óskar að ráða sjúkraliða á legudeildir sjúkrahússins á Ísafirði.

Um er að ræða 50-80% stöður frá 1. september 2015, eða eftir nánara samkomulagi.

Laun samkvæmt kjarasamningi SLFÍ og stofnanasamningi.

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri (eða aðstoðardeildarstjóri legudeilda), í síma: 450 4500 og á rannveig@hvest.is eða (hildurep@hvest.is).

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2015.

Vegna opunar hjúkrunarheimilisins Eyrar á Ísafirði í haust er hugsanlegt að viðkomandi myndi færast, alveg eða að hluta, til starfa á Eyri.


Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða Torfnesi, 400 Ísafirði

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is undir viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu stofnunarinnar á Ísafirði.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.



SÆRAF EHF



**Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta**

Opið alla virka daga kl. 10-17
Verslið í heimabyggð



Fjölnota MF212W laserprentari,
ljósrítunarvél og skanni



LG Tone Plus Bluetooth
þráðlaus heyrnartól



Okkar sívinsælu Vibro hátalarar
eru komnir aftur í 4 litum



Dell Inspiron 15 (5558) fartölva - i5



Ný Dell Inspiron 15 (3543)
fartölva - i5 - Silfur



Dell Inspiron 15 (3543) fartölva - i3



Furuno GP32 GPS/WAAS Receiver

**Látið fagmanninn hjálpa ykkur með val á skólatölvu og eða prentara ykkur að kostnaðarlausu.
Ekkert verk er of stórt fyrir okkur.**

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Útgefandi: Athafnagæði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bládamadur: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfn bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Ísland best í heimi

Þegar hinsegin dagar eru haldnir í Reykjavík og tugþúsundir ganga saman til að fagna og styðja mannréttindi hinsegin fólks, þá fyllist ég þjóðarstolti. Okkar litla þjóð er í fararbroddi hvað þetta varðar, við getum öll verið stolt af því. Alltaf má þó betur gera því ennþá hafa prestar þjóðkirkjunnar heimild til að neita að gefa saman samkynhneigt par, þessu þarf að breyta. Engin kæmist upp með að neita að afgreiða konur eða hörundsökka og enginn á að komast upp með að neita að þjónusta samkynhneigða.

Gleðiganga fór í fyrsta sinn fram á Ísafirði og er það frábært framtak sem verður vonandi endurtekið að ári og þá fjölmennum við á þennan mikla mannréttindaviðburð. Okkur kemur nefnilega öllum við ef mannréttindi eru fótum troðin og við berum öll ábyrgð á því að koma í veg fyrir það.

Liðin helgi á norðanverðum Vestfjörðum var viðburðarík og sýndi í hnotskurn þann mannauð sem hér er. Elfar Logi stóð fyrir sinni árlegu einleikjahátíð sem eins og undanfarin ár hefur verið haldin á Suðureyri. Hafi einhvern tíman verið ástæða til að þakka Elfari fyrir hans framlag til menningarmála þá er það núna, ég skora á alla að faðma hann rækilega finnst hann á förnum vegi, hann á það virkilega skilið.

Bláberjadagar í Súðavík heppnuðust vel en þar bar hæst tíu ára afmælishátíð Raggagarðs, þetta stórkostlega framtak sem ber frumkvöðlinum Vilborgu Arnarsdóttir gott vitni. Vilborg eða Bogga er manneskja sem lætur sig málin varða, eða eins og Ómar Már Jónsson, fyrrum sveitarstjóri í Súðavíkurbær sagði í ráðu sinni á afmælishátíðinni eru það skilaboðin sem hún sendir út samfélagið sem skipta mestu máli. Við eigum að taka þátt og við getum, hvert og eitt, áorðað svo miklu ef við leggjum okkur fram. Bogga á virkilega skilið að fá hlýtt faðmlag og koss á kinn fyrir sitt mikilvæga framlag til mannlífsins hér fyrir vestan.

Nú fara fulltrúar okkar í bæjarstjórnunum og á alþingi að hefja störf eftir sumarfrí, þar fer fólk sem hefur ákveðið að taka þátt og vinna sínu samfélagi gagn. Ágreiningur er oft um leiðir en almannahagsmunir verða alltaf að vera leiðarljósið.

Það er notalegt að sitja við sjónvarpið með þrónana eða dáðst að sjálfum sér fyrir framan spegilinn í ræktinni en við verðum líka að taka þátt og bera í sameiningu þá ábyrgð að hér sé innihaldsríkt og gott mannlíf.

BS

Spurning vikunnar

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum bannaði opinberum stofnunum að veita fréttamiðlum upplýsingar um kynferðisafbrot á þjóðhátíð 2015. Hverra hagsmuna telur þú að verið sé að gæta?

Alls svöruðu 323.

Polanda kynferðisofbeldis, sögðu 184 eða 48%

Geranda ofbeldis, sögðu 10 eða 3%

Þjóðhátíðar, sögðu 186 eða 49%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Hinsegin snúrustaurar.

Gleðiganga á Ísafirði

Laugardaginn 8. ágúst var í fyrsta sinn skipulögð gleðiganga á Ísafirði, þátttaka var frekar dræm enda fyrirvarinn skammur. Engu að síður er þetta mikilvægt framtak og ástæða til að endurtaka leikinn að ári. Jóna Benediktsdóttir tók þátt í göngunni en

að hennar mati er mikilvægt að við höfum í hug að við getum öll unnið að bættum mannréttindum og jafnrétti. Við getum haft áhrif með því að ræða saman og taka frumkvæði þegar þess er þörf, það er þannig sem framþróun næst. Það er vegna umræðunnar

að nú er í lög bundið að ekki má mismuna vegna kynhneigðar og það er vegna umræðunnar að staða hinsegin fólks er svo góð sem raun ber vitni á Íslandi. Það er virkilega á þessu sviði sem við getum með stolti sagt: Ísland er best í heimi.



Heiður Embla og Þórunn Sunneva Elfarsdóttir.



Jóna Benediktsdóttir.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 26. ágúst

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

HÖRKU TILBOÐ

Í HÚSASMIDJUNNI

**20%
afsláttur**

JOTUN LADY INNIMÁLNING
JOTUN MUR ÚTIMÁLNING



**20%
afsláttur**

ALLAR NILFISK
HÁPRÝSTIDÆLUR



**20-50%
afsláttur**

ALLAR POTTAPLÖNTUR
POTTAPLÖNTUÚTSALA BLÓMAVALS
hefst á föstudag.

BLACK & DECKER



STINGSÖG KS500
400W
5246011

5.995 kr

FULLT VERÐ: 8.995



FJÖLNOTA VERKFÆRI
MT300KA 300W, sagar og pússar
5245980

14.995 kr

FULLT VERÐ: 19.995



HLEÐSLUBORVÉL
EPC12CAB, 12V, 2 rafhlöður
5245999

10.895 kr

FULLT VERÐ: 14.519

Electrolux



ÞVOTTAVÉL

EWP 1674TDW, 7 kg, 1600 snúninga
1805659

69.900 kr

FULLT VERÐ: 78.900



FRYSTIKISTA

G 115, 103 ltr
1805483

39.900 kr

FRÁBÆRT VERÐ

PANNA FORZA 20 CM

Kermik húð, nonstick
á allar hellur
2006769

2.349 kr

FULLT VERÐ: 4.699




**50%
afsláttur**

ÚTILJÓS VEJERS

Svart
6010944

4.595 kr

FULLT VERÐ: 6.579



HÚSASMIDJUBLAÐIÐ
ER KOMIÐ ÚT
www.husa.is

Vinir

Guðmundur Konráðsson og Halldór Bragason (Gummi og Dósi) í viðtali vikunnar

Hvernig var að alast upp í litlu sjávarþorpi, afskekktu og einangruðu? Fórnlömb Bæjarins besta að þessu sinni eru vinir úr Öfundarfirði, fæddir á sama árinu, í sjúkraskýlinu eða heilsugæslunni á Flateyri, báðir af Brimnesveginum og stutt á milli. Gummi er tveimur mánuðum eldri og þykist muna miklu meira og hann man þegar heimurinn var bara garðurinn og mamma og svo stækkaði veröldin smátt og smátt. „Svo opnaðist hliðið á garðinum og ég sá út götuna“ segir Gummi og áður en við var litið náðu þeir saman, Gummi frá Brimnesvegi 12 og Dósi frá Brimnesvegi 4. Gummi er Konráðsson, sonur Konráðs Guðbjartssonar frá Hesti en hann lést árið 2004 og Elinóru Guðmundsdóttureðalfrú á Flateyri. Gummi er næst elstur fimm systkina, elst er Petrína fædd 1964, þá Gummi fæddur 1965 og síðan Konráð fæddur 1966, þrjú börn á þremur árum, það hefur verið eitthvað í að líta hjá Nóru og Konna. 1970 fæddist svo Sigurður en hann lést af slysförum árið 1992 og Yngst er Guðbjörg, fædd árið 1983, en drengur fæddur 1980 lést 3ja vikna gamall. Halldór Bragason, eða Dósi er yngsti sonur Rannveigar Árnadóttur sem lést árið 2012 og útskurðarmeistarans Braga Halldórssonar. Eldri bræður hans eru þeir Sigmar fæddur 1949, Aðalsteinn fæddur 1956

og Sölvi fæddur 1959.

Þeir Gummi og Dósi eru ráðsettir eiginmenn og feður núna en gátu greinilega tekið upp á ýmsu þegar þeir voru að alast upp á Flateyri. Strax á róló hófst ferill þeirra í þakkarastrikum og þeir gerðu ítrekaðar tilraunir til að brjóta stíð gegnum bárujárnslædda girðinguna. Það tókst nokkrum sinnum, en bara til þess eins að vera nappað aftur af starfsfólkinu sem væntanlega hefur fylgst náið með þessum gaurum. Strax á þessum árum var lífið orðið svo spennandi, „ég man ég gat varla beðið eftir að nóttin liði, ég hlakkaði svo til að fara út að leika“ segir Gummi.

Saman í bekk, allan barna- og unglingaskólann, sátu saman, alltaf. „Við gerðum sko landamæri á borðið“ segir Dósi og það ískrar í þeim báðum af hlátri þegar þeir rifja það upp. Við teiknuðum strik yfir borðið á milli okkar og vorum svo að færa það fram og til baka allan daginn ef hinn leit af borðinu, svo mældum við í lok dags hver hafði unnið landamærastríðið. Fyrsta heimsóknin til skólastjóra var þegar Dósi manaði Gumma til að sprautu úr nýju og flottu vatnsbyssunni upp undir pilsíð á henni Áslaugu kennara, það spurðist víst ekki meira til byssunnar og þetta var ekki síðasta heimsóknin til skólastjórans. Það var alltaf eitthvað að gerast í skólanum, mikið félagslíf og báðir

eiga þeir góðar minningar úr skólanum. Það voru kvöldvökur með skemmtiatriðum á sviði og diskótek á eftir, mikill undirbúningur og spenningur. Á hverju ári voru settar upp stórar leiksýningar og þá var öllu tjaldað til, búningarnir stórbrotnir, oftast komu konungar og drottningar við sögu, með kórónu og allt. Söngkennsla var allan veturinn þar sem megináherslan var á undirbúning fyrir leiksýninguna sem oft þurfti að sýna mörgum sinnum fyrir fullu húsi. „Hafragrautur til sjós“ var mín fyrsta setning í leikriti, gleymi því aldrei segir Dósi og kímir. Þeir minnast Eysteins Gíslasonar smíðakennara af mikilli hlýju, hjá honum fékk sköpunargáfan að njóta sín.

Við vorum alltaf eitthvað að gera, eitthvað að bardúsa, smíða

kofa eða kajaka en það sem var lang mikilvægast var að finna sér „bækistöð“. Bækistöðin gat verið veiðafæraskúr eða yfirgefið hús sem þeir innréttuðu og það var mikilvægt, mjög mikilvægt, að hún væri leynileg. Flottasta bækistöðin var yfirgefið tveggja hæða hús sem stóð við Vallargötu. Þeir félagarnir, Dósi, Gummi og vinirnir, smíðuðu miklar og flóknar krókaleiðir inn í húsið, bak við skápa og í gegnum kaðlahlið, allt til þess gert að fullorðnir gætu ekki komist inn í leynibækistöðina. Það heppnaðist svo ljómandi vel því að þegar kviknaði í húsinu gat slökkviliðið ekki með nokkru móti komist inn í húsið og að eldinum. Þannig fór nú fyrir þeirri bækistöð.

Krakkarnir á Flateyri léku sér í allskonar sumarleikjum, til dæmis brennibolta og yfir, bara

svona eins og krakkar út um allt land gerðu áður en allir festust inni í tölvunum. En vegagerðin, við vorum líka í svaka vegagerð krakkarnir, byggðum hjólabraut upp í hliðinni, brýr og beygjur. Það var líka gaman að leika sér í fjörunni, þegar fjaraði út byggðum við virki sem átti að standast þegar flæddi að, nú eða það var smíðaður bátur eða fleki. Svo var alltaf hægt að dorga á bryggjunni, fátt betra en það. Leifarnar af gömlu hvalstöðinni var líka vettvangur margra uppátækja og járnbrautarteinarnir buðu upp á ýmis konar ævintýri. Á veturna var farið upp í Krók að renna eða á skauta í Grænagarði, veðrið var ekki vandamál, engan vegin. „Pabbi þurfti oft að moka snjónum fyrst inn til að opna smá gat í skaflinn við dyrnar og svo frá húsinu“ segir Dósi, það var eiginlega aldrei hægt að hoppa niður af húsinu okkar, það var alltaf á kafi í skaffi. Stundum lagði fjörðinn og þá fórum við í jakahlaup, og nei nei, ekkert hættulegt, fullyrða þeir báðir en voru samt ekki vissir um að þeir myndu leyfa sínum krökkum að gera þetta. „Það var samt alltaf fylgst með okkur“ segir Dósi, við vorum kannski bara að leika okkur ein en samt, ef eitthvað bjáði á, þá var strax kominn einhver fullorðinn. Til dæmis þegar hann Halli Eggerts heitinn kom einu sinni hjólandi niður á bryggju og ætlaði að stíga á



Hemmi, Gummi og Dósi.

bryggjukantinn en kanturinn var svo sleipur að hann steyptist beint ofan í sjóinn. Augnabliki síðar var einhver fullorðinn mættur, stökk á eftir honum og dró í land. Þá sjaldan að þeir voru inni að leika varð tindáaleikurinn oftast fyrir valinu, „sko, þegar Dósi var indjáni, þá sagðir hann alltaf „sjú-kú-drrrrr“ þegar hann skaut örvunum“ segir Gummi og hlær.

Í Kaupfélagi Öfundafjarðar fengust margar gersemar og eins og stundum gerist með óþekka krakka þá datt þeim í huga stela úr búðinni. Einu sinni ætluðu þeir að ná sér í par af vinnuvettlingum en gátu ekki losað parið frá 50 para stafla, þeir enduðu þá með taka allan staflann og eftir það gengu allir krakkar í „vinnu-karlahönskum“ og jöpluðu á Royal jelly sem líka slapp fram hjá búðakössunum.

Ekki kannast þeir við að hafa fundið fyrir einangrun, hér var allt til alls og engin þörf á að vera mikið á flandri. Fyrsta Reykjavíkurfærðin er þeim þó minnisstæð. „Við fórum á Hótel Borg“ sagði Dósi og fengum okkur kaffi, ég var 10 en Sölvi bróðir 16, „ég man hvað þjónninn var hissa þegar ég fékk kaffið en Sölvi mjólkina“. Fyrsta Reykjavíkurfærð Gumma var mikil vonbrigði, hann hafði lengi langað til að sjá Sædýrasafnið og sá draumur rættist þegar tannlæknaheimasókn og ferð í safnið var slegið saman í eina ferð. Reykjavík stóð ekki undir væntingum þessa fjórtán ára unglings.

Hvað þarf að sækja til Reykjavíkur, ekki í leikhús þegar maður stendur sjálfur á sviði fyrir fullu húsi á hverju ári. Ekki í bío því að það var bío á Flateyri, tvær sýningar á viku. Lífið var einhvern veginn svo öruggt og allir bara sáttir. Samt var eitt sem var ekki gott, það var drykkjumeningin, þeir eru sammála um að þar voru brestir. Fólkk drakk svo mikið, það bókstaflega hrundi í það. Báðir hafa tekið í hljóðfæri en Dósi sýnu meira, honum er minnisstætt þegar hann var beðinn um að spila á gítar á fullorðinsballi, bara 13 ára. Þarna var fullorðna fólkið dauðadrukkið, foreldrar vinanna og kennarar, þetta var áfall.

Ekki má gleyma Sílaballinu, það var samkoma fyrir krakkana og haldið fyrir Stútung, en Stútungur er þorablót Flateyringa. Sílaballið var alvöru, það var matur, salurinn skreyttur og svo ball á eftir.

Ekki íþróttagaurar

Hvorugur var mjög virkur í íþróttum en það var samt ýmislegt í boði, íþróttfélagið Grettir stóð fyrir nokkuð öflugum íþróttastarfi og átti um tíma þokkalega gott fótboltalið. Liðið háði marga hildi við erkjandstæðingana sem voru liðin á Ísafirði, Vestri og



Halldór Bragason.

Hörður, en lutu yfirleitt í gras. Einu sinni náðist þó sigur og lifðu liðsmenn Grettis lengi og vel á honum. Íþróttir voru að mestu bara stundaðar á sumrin, hér var ekki komið íþróttahús og engin sundlaug. Á vorin var krökkunum ekið í sund á Ísafirði.

Í skólann á Flateyri var á hverju ári kenndur dans sem allir tóku virkan þátt í. „Sko strákarnir voru öðru megin og stelpurnar á móti og þegar við áttum að bjóða stelpunum upp, hlupum við af stað í kapphlaupi“, segir Gummi og glottir við tönn, stelpurnar héldu örugglega að okkur lægi svo á dansa við þær en við vorum bara í kappi. Og talandi um kapphlaup, svona lýsir Dósi víðavangshlaupi á Flateyri. „Það er víðavangshlaup á Flateyri við erum ca. 12–14 ára ég er nýbúinn að fá flotta adidas-skó og Gummi kemur með þá frábæru hugmynd að taka þátt í víðavangshlaupi, bara skokka með og hafa gaman af þessu, af því við vorum ekki svona íþróttagaurar, þetta var bara grín hjá okkur. Við skokkum af stað og þegar við erum komnir upp í Krók (sem var gamla leiðin inn í bæinn) og margir komnir langt á undan okkur þá segi ég við Gumma "ég held að ég geti unnið þetta, ég sé þig". Svo gaf ég í, þetta var eins og Stjáni blái þegar hann var búinn með spínatið sitt, ég hljóp alla uppi, fram úr gaurunum í sveitinni sem alltaf voru að elta rollurnar og vann hlaupið. Það sem var svo skemmtilegt við þetta var að ég fór svo uppá svið í samkomuhúsinu til að taka á móti verðlaunum, með heilli fjölskyldu sem unnu alla flokkana nema þann sem ég tók þátt í, líklega af því þau áttu ekki son í þeim flokki“.

Kíttisspaðæftirlitið

Þeir fóru báðir snemma að vinna og kannski var ekki svo

mikið um að vera fyrir unglinga, engin félagsmiðstöð. Þeir gátu ekki endalaust verið að teika og stelast til að setjast á beislin á traktorunum. Dósi stofnaði hljómsveit þegar hann var þrettán ára. „Við fengum svo mikinn stuðning frá öllum“ segir hann, „strax komnir með aðstöðu og svona“. En praktarastrikin fylgdu þeim lengi. Einhvern tímann eignuðust þeir vasaljós, þá laumuðu þeir sér niður að rafstöð og lýstu með ljósunum beint á ljósnemann. Neminn missti auðvitað allt vit og slökkti á öllum ljósausturum og bærinn var ítrekað í svarta myrkri, þetta þótti þeim ákaflega skemmtilegt. Einu sinni útbjuggu þeir forlata barmmerki sem á stóð „Kíttisspaðæftirlitið“ og mættu galvaskir inn á gólf í fiskvinnslum á Ísafirði, sögðust vera í eftirlitsferð á vegum Kíttisspaðæftirlitssins. Stundum leið ótrúlega langur tími þar til menn kveiktu á vitleysunni en þá var

þeim venjulega kastað á dyr.

Vesturþráin

Í kringum tvítugt lá leið þeirra beggja út í veröldina en vináttan hefur alltaf haldið. „Stundum auðvitað komið tímar sem við hittumst minna“ segir Gummi. En alltaf toga æskustöðvarnar. „Maður verður einhvern veginn nær sjálfum sér hér fyrir vestan. Fyrir sunnan er fókusinn alltaf á einhverju öðru, horfandi eða talandi við einhvern“ segir hann. Eftir þrjú ár án heimsóknar á Flateyri gerði hann sér grein fyrir hvað þessi kyrrð var honum mikilvæg og nú notar hann flest tækifæri til að skreppa vestur. Dósi klippti á tengslin í rúman áratug, bjó í Danmörku í mörg ár en þegar Gummi ákvað að gifta sig í Flateyrarkirkju var kominn tími til að snúa heim. Hann tók flug að morgni frá Kaupmannahöfn og um kvöldið var hann kominn út á Galtarvita til að taka þátt í að kjöldraga

brúðgumann, binda hann síðan fastan á sjóskíði og draga hann þannig á kraftlausum bát. Þannig steggja vinir brúðguma !!! En þarna fann Dósi aftur tenginguna við Flateyri og kemur eins oft og hann getur í fjörðinn fagra.

Það var 10. júlí 2005, á afmælisdegi Sigurðar heitins, sem Gummi og Bergþóra Hrund Ólafsdóttir gengu í heilagt hjónaband í Flateyrarkirkju. „Það er ekkert hægt að giftast í ókunnugri kirkju“ segir Gummi. Gummi og Begga eiga tvær dætur, Rebekku og Elísu en fyrir átti Gummi piltinn Fannar Þey. Konan sem arkar æviveginna með Dósa er Soffía M. Magnúsdóttir og saman eiga þau þrjú börn, Kristínu, Braga og Adolf.

Hrafnsauga

Árið 2013 stofnuðu þeir félagar ásamt Hermanní Þorsteinsyni múrara og æskuvini, félagið Hrafnsauga. Tilgangur félagsins er að auka náttúruvitund, hjálpa fólki að tengjast náttúrunni betur og dýpra. Eitt vinsælasta verkefni Hrafnsauga er að bjóða fólki upp á „svett“ eða svitahof en það er áhrifarík leið til að tengja fólki, bæði hvort við annað og við sitt eigið sjálf.

Það eru þessi sameiginlegu áhugamál og sameiginlegu minningar sem tengja þessa vini saman og þessi sterku tengsl heim. „Ég vil slíta tréskónum við sjóinn, á Brimnesveginum“ segir Dósi en svona taka danir til orða þegar þeir lýsa ævikvöldinu. Það er ekki þessi ófriður hérna „ekki þetta rýmisleysi fyrir kyrrð eins og Reykjavík“ segir Gummi.

Eftir viðtalið sem tekið var í Allabúð á Flateyri, tína þeir félagarnir saman þjónkur sínar og halda suður aftur, báðir til að vinna við tölvuskjá í Reykjavík. Heimilin í Mosfellsbæ og Akranesi en einhvern veginn er hjartað eftir á Flateyri.

bryndis@bb.is



Guðmundur Konráðsson og Pepsí Hemmadóttir.




Act alone heppnaðist frábærlega vel

Veðrið lék við gesti á einleikjahátíðinni Act alone sem haldin var á Suðureyri um síðustu helgi og þorpið skartaði sínu fegursta. Dagskráin var mjög fjölbreytt og skemmtileg og alveg öruggt að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi, þar eru börnin ekki undanskilin. Nánast smekkt fullt var á öllum viðburðum en að sögn Elfars Loga yfir Actara voru gestir hátíðarinnar ekki færri en 3.000 og listamennirnir fóru á kostum. Elfar vill koma miklu þakklæti til skila til íbúa Suðureyrar sem sýndu fádæma gestrisni enda þarf "heilt þorp til að halda góða

hátíð". Margir lögðu hönd plóg en hátíðin er fjármögnuð með styrkjum og þar munar um Ísa-fjarðarbæ og Uppbyggingarsjóð Fjórðungssamband Vestfjarða en fjölmörg fyrirtæki á Vestfjörðum studdu rausnalega við hátíðina. Fæstir komast þó með tærnar þar sem bakhjarl hátíðarinnar Físherman hefur hælana enda hefur hátíðin blómstrað eftir að hún var færð á Suðureyri

Næsta hátíð verður haldin 10.–13. ágúst 2016, af henni má enginn missa og að sögn Elfars er búið að bóka að minnsta kosti fimm listamenn.



ERU EKKI ALLIR SPENNTIR FYRIR SKÓLANUM?



Verð
129
kr. stk.

Gráðubogi
Sveigjanlegur gráðubogi.



Verð
199
krónur

Sveigjanleg reglustrika 20 cm | 30 cm
Brotnar ekki, passar í vasa.



Verð
799
kr. stk.

Vaxlitir Crayola 24 stk




Verð
289
kr. pakki

Blýantar Pluto
Klassískur fyrir skólann.
Blýantar plutó 3 stk í pakka.



Verð frá
79
krónur

Svart strokleður
Gæðastrokleður.
Stór og lítil.



Vaxlitir Crayola 44+20 stk.

Verð
1.769
kr. stk.



NÝTT



Verð
1.269
kr. stk.

Trélitir Crayola 12 stk.



Verð
1.269
kr. stk.

Tússlitir Crayola 12 stk.
Mjór oddur.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Sportið í beinni...

Föstudagur 14. ágúst
18:35 Aston Villa - Man. United
23:00 Box: Perez - Mikhaylenko
Laugardagur 15. ágúst
11:35 South. - Everton
13:50 Swansea - Newc. Utd.
13:50 Tottenham - Stoke City
13:50 Watford - WBA
13:50 Sunderland - Norw. City
13:50 West Ham - Leicester
15:30 Úrslital. Borgunarbikarinn
Sunnudagur 16. ágúst
12:00 Moto GP - Tékkland
12:20 Crystal Palace - Arsenal
14:50 Man. City - Chelsea
17:00 Enska uppgjörið
Mánudagur 17. ágúst
18:50 Liverpool - Bournemouth

Dagar Íslands
eftir Jónas Ragnarsson
13. ágúst 1987.
Verslunarmiðstöðin Kringlan í Reykjavík var opnuð.
14. ágúst 1982. Furstahjónin af Mónakó, Grace Kelly og Rainer, komu í heimsókn til Íslands. Tvö börn þeirra, Carolina og Albert, komu með þeim. Grace lést í bílslysi mánuði síðar.
15. ágúst 1967. Svífnökkvi kom til landsins. Hann var reyndur milli lands og Eyja, milli Reykjavíkur og Akraness og á Ölfusá.
16. ágúst 1920. Sveinn Björnsson, 39 ára forstjóri Brunabótafélags Íslands, var skipaður fyrsti sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Hann varð síðar forseti Íslands.
17. ágúst 1946. Valgerður Þorsteinsdóttir tók einkaflugmannspróf, fyrst íslenskra kvenna, þá 21 árs.
18. ágúst 1786. Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi með konunglegri auglýsingu. Íbúarnir voru þá 167, en landsmenn allir 38.363.

Helgarveðrið

Á föstudag:
Austan og norðaustan 5-13 m/s. Rigning um landið SA-vert, en annars skýjað með köflum og skúrir á við og dreif. Hiti 10 til 16 stig að deginum.
Á laugardag:
Norðaustlæg átt og víða rigning, en úrkomulífið um landið suðvestanvert. Hiti 8 til 15 stig.
Á sunnudag og mánudag:
Austlæg áttir og rigning suðaustantil, en annars dálitlar skúrir. Milt í veðri.

Krossgátan

		TUNGU-MÁL	MYNT	SKRAUT-STEINN		TVEIR EINS	PRÝÐI	KEYRA
	TITRA							
	GUBB				ÁÐEKK			
					NÍÐUR-FELLING			
	NÚA					ÁTT		
						SETIS		
	PJATLA							AÐFALL
	↓	HLJÓÐ-FÆRI	RÁS	LISTA-MAÐUR		FÆÐA		
				VIÐMÓT		REFSING		
GÆFU-LEYSI					ÁNÆGJU-STUND			
					ANDMÆLI			
HLIÐ				LÆR-LINGUR				DRÁPS-TÆKI
				LÆRA				
ÓLÆTI			MUNNVATN			SÍÐAN		
			LAMPI			HOLDFÚI		
MAS				EINING			LÍKA	
				ÁLIT			MJÓLKUR-VARA	
BEITI-SIGLING					MANNVÍG			LYKTAR
					GOLA			
		FUGLA-HLJÓÐ				TAU		
		ÓNÁÐA				ULLAREFNI		
FORMA				FRAMA-GOSI				HLJÓMUR
				HÓFDÝR				
KRINGUM			SVALL			BORG		
			ÓVILD			ALDUR		
DRAUP				DRULLA			SKÓLI	
				Í RÖÐ			DRYKKUR	
ÁVÖXTUR					SESSUR			
GÁSKI					KLETTUR			

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

Sudoku þrautir

					5			9
7		8				2		
			1		7			
6				3		4	7	
	9					5		
5	7		8		2			
		6		2			1	8
		7		1				
						6	4	7

	4						3	5
7	5	1			9			8
	6				1		9	
8					3			2
1		5		6		4		
3	7	4			2			
	3	7				2		
5	8		3		7			
6			8		4			7



Starf hjá Lyfju Ísafirði

Lyfja Ísafirði leitar að sjálfstæðum og metnaðarfullum starfsmanni. Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina við val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk annarra tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða starf alla virka daga 14-18 og fjórða hvern laugardag 10-13.

Hæfniskröfur: Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Þór, lyfsali Lyfju Ísafirði í síma 456-3009 (jonas@lyfja.is).

Umsóknir sendist í gegnum heimasíðu Lyfju hf, lyfja.is, í Lyfju Ísafirði eða á netfangið jonas@lyfja.is

Aðsend grein

Upp með smáfyrirtækin á Íslandi!

Fjöldi þjóða hefur fyrir löngu uppgötvað að gifta þeirra og farsæld í atvinnumálum er hjá litlum fyrirtækjum. Aftur á móti er svo hinn eilífi misskilningur okkar Íslendinga að allt eigi að vera svo stórt og mikið. Þá er líka fallið þess meira þegar illa fer.

Sumir okkar hér fyrir vestan eru mjög einfaldir menn. Enda er skoðun okkar mjög einföld á atvinnurekstri: Það á að gera allt sem hægt er til að treysta undirstöður smáfyrirtækjanna í landinu. Og gera mönnum kleyft að stofnsetja ný sprotafyrirtæki og tryggja þannig atvinnuna.

Hér er verið að tala um fyrirtæki sem veita allt frá einum manni upp í til dæmis 50 manns atvinnu. Og eitt er borðleggjandi: Ríkissjóður og sveitarfélög fá strax miklar tekjur af slíkum smáfyrirtækjum með virðisaukaskatti og öðrum gjöldum.

Fjármunirnir eru til. Það sem íslenska þjóðin þarf nú sárlega á að halda er kjarkur og þor til að veita þeim í rétta farvegi. Sá farvegur liggur til smáfyrirtækjanna. Og þau standa oftast í skilum segja þeir sem vit hafa á.

Hallgrímur Sveinsson
og Bjarni G. Einarsson



Hallgrímur Sveinsson.



Bjarni G. Einarsson.

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Simi í Bolungarvík 450 7900
Simi á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

smáar

Til leigu. Falleg, vel skipulögð og björt 2ja herbergja 76m² íbúð á eyrinni til leigu frá september fram í lok maí 2016. Leigist með einhverjum húsgögnum. Aðeins ábyrgir og reyklausir aðilar koma til greina. Uppl. í síma 892-9282.

Yamaha Virago 535 mótörhjóli til sölu. Stórglæsilegt hjól. Uppl. í síma 893-4711.

A close-up, black and white photograph of a woman's face, focusing on her eye and cheek. Overlaid on her cheek is a complex molecular structure composed of blue spheres of varying sizes connected by thin lines, resembling a water molecule network. In the bottom right corner, a jar of Eucerin AQUAporin ACTIVE cream is shown with a splash of water at its base.

Eucerin®

HÚÐVÍSINDI SEM SJÁST

NÝTT

Eucerin®

AQUAporin ACTIVE

Endurbætir náttúrulegt rakaflæði húðarinnar fyrir mýkri og sléttari húð

Eucerin® AQUAporin ACTIVE örvar eigið rakaflæði húðarinnar innan frá

- ▶ Virkjar eigin rakadreifingu húðarinnar, hin svokölluðu Aquaporins
- ▶ Veitir raka djúpt, samstundis og til langstíma
- ▶ Dregur úr stífleika og endurnýjar teygjanleika, sérstaklega fyrir viðkvæma húð